

**TILSKIPUN RÁÐSINS**

frá 20. desember 1968

**með þriðju breytingu á tilskipun ráðsins um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli****(68/419/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Aðildarríkjum ber, samkvæmt 2. gr. og 2. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins frá 23. október 1962 <sup>(1)</sup> um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun ráðsins frá 24. október 1967 <sup>(2)</sup>, eigi síðar en 31. desember 1967, að banna notkun tiltekinna litarefna, einkum brennisteinsorsíns. Bann þetta verður að ganga í gildi fyrir árslok 1968.

Ekki hefur reynst unnt, enn sem komið er, að ljúka vísindarannsóknnum á brennisteinsorsíni og lengri tíma er þörf til að leiða rannsóknirnar til lykta.

Því er nauðsynlegt að heimila þeim aðildarríkjum, sem í hlut eiga, að fresta gildistöku bannsins við notkun téðs litarefnis svo að takast megi í millitíðinni að afla allra gagna sem þörf er á við endanlegt mat á því.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*Eftirfarandi málslíður bætist við 2. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins frá 23. október 1962 eins og henni var breytt með 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins frá 25. október 1965 <sup>(3)</sup>:

„Gildistöku reglnanna ásamt breytingum um brennisteinsorsín má fresta til 1. janúar 1972.“

*2. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 1968.

*Fyrir hönd ráðsins,*

V. LATTANZIO

*forseti.*<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 115, 11. 11. 1962, bls. 2645/62.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. 263, 30. 10. 1967, bls. 4.<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. 178, 26. 10. 1965, bls. 2793/65.